

First Water hf.
Urðarhvarfi 8
203 Kópavogur

Selfossi, 22. maí 2025
Tilvísun: 2505293

Efni: Svar Matvælastofnunar við andmælum við eftirlitsskýrslu nr. 39992

Þann 7. maí 2025 bárust Matvælastofnun athugasemdir First Water (hér eftir eftirlitsþegi) við eftirlitsskýrslur stofnunarinnar nr. 39992 vegna rekstrarleyfis FE-1185 ásamt úrbótaáætlun fyrir þau frávik sem ekki var andmælt. Framangreind eftirlitsskýrsla er dagsett 30. apríl 2025 og send eftirlitsþega sama dag. Skýrslan var rituð í kjölfar eftirlits sem fram fór í eldisstöðinni Kirkjuvog þann 15. apríl 2025.

Eftirlitsþegi sendi andmæli í níu liðum við framangreinda skoðunarskýrslu. Hér verða athugasemdir eftirlitsþega rakin og afstaða Matvælastofnunar við þeim. Hagræðis vegna verður afstaða Matvælastofnunar rakin undir hverjum lið fyrir sig. Andmæli eftirlitsþega eru skáletruð.

1. Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi.

Frávik í eftirlitsskýrslu undir lið 4.2.1: Ekki er til staðar yfirlitsmynd yfir fiskeldisstöðina, eldiseiningar, stærð eldiseininga, frárennsli og varnir gegn stroki í frárennsli.

Andmæli eftirlitsþega:

Á stöðinni eru yfirlitsmyndir af fiskeldisstöðinni þar sem fram kemur lega og stærð einstakra eldiseininga (sbr. 12. grein í reglugerðinni). Eins yfirlitsmynd er stór og ýtarleg og liggur á öllu fundarborðinu þar sem úttektin átti sér stað og var farið yfir myndina með úttektaraðilum Matvælastofnunar. Einnig hangir önnur yfirlitsmynd í starfsmannarými á milli skrifstofu og kaffistofu.

Stöðin er útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur (sbr. 19. grein í reglugerðinni), eins og kveðið er á um í rekstrarleyfi félagsins í samræmi við efni rekstrarleyfis skv. 19. gr. reglugerðarinnar.

Í reglugerðinni (540/2020) stendur "Í umsókn skulu m.a. koma fram eftirfarandi upplýsingar og viðeigandi gögn", þessi gögn fylgdu umsókn rekstrarleyfis. Með öðrum orðum fjallar ákvæðið um hvað skuli koma fram í umsókn um rekstrarleyfi og er ekki kveðið á um að þartilgerð yfirlitsmynd skuli hanga uppi á vegg á stöðinni. Einnig er hvergi minnst á í reglugerðinni að yfirlitsmynd þurfi að vera til staðar á stöðinni af frárennsli og vörnum gegn stroki í frárennsli. Ef Matvælastofnun óskar eftir slíku þarf það að vera tilgreint í reglugerð, en tekið skal fram að félagið hafi þrátt fyrir framangreint stillt upp yfirlitsmyndum í fiskeldisstöðinni til upplýsinga fyrir starfsfólk, eftirlitsmenn og aðra eins og við á.

Eftirlitsþegi vísar bæði til 12. og 19. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 í andmælum sínum undir þessum lið. Eftirlitsmenn sáu þá yfirlitsmynd sem eftirlitsþegi vísar til og var staðsett á borði í fundarherbergi. Á þeim teikningum er ekki hægt að sjá frárennsli og varnir gegn storki í frárennsli. Eftirlitsmenn óskuðu eftir að sjá slíka teikningu en starfsmenn eftirlitsþega vísuðu einungis á þá teikningu sem var á borðinu. Fór fram umræða um að á þá teikningu væru ekki teiknaðar inn frárennsli og varnir gegn stroki en slíkt væri nauðsynlegt t.d. ef til stroks kæmi.

Matvælastofnun bendir á að stofnunin hefur víðtækar heimildir til þess að kalla eftir og fá að sjá gögn sem stofnunin telur nauðsynlegt, m.a. gögnum sem eru ekki nákvæmlega tilgreind í reglugerð um fiskeldi, sbr. 6. mgr. 55. gr. reglugerðarinnar. Að mati Matvælastofnunar er mikilvægt að til staðar séu teikningar sem sýna yfirlitsmynd yfir fiskeldisstöðina, eldiseiningar, stærð eldiseininga, frárennsli og varnir gegn stroki í frárennsli sem hægt er að skoða og vinna með t.d. í þeim tilfellum ef kæmi til stroks. Slík teikning auðveldar Matvælastofnun og starfsmönnum eftirlitsþega að átta sig á mögulegum strokleiðum, hvar varnir eru til staðar og hverjar þær eru komi til stroks. Stofnunin gerir ekki kröfu um að slík yfirlitsmynd sé hangandi á vegg eldisstöðvarinnar, einungis að hún sé aðgengileg hvort sem það er á pappír eða í tölvutæku formi.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu frávíksins réttmæta og fellst ekki á andmæli eftirlitsþega um að frávik undir lið 4.2.1 í eftirlitsskýrslu dagsettri 30. apríl 2025.

2. Strok

Frávik í eftirlitsskýrslu undir lið 4.3.1: Uppfæra þarf viðbragðsáætlun um strok. Ekki þarf að vera til staðar staðfest strok af starfsmanni heldur þarf aðeins að vera grunur um strok. Breyta þarf netfangi varðandi strok í fiskeldi@mast.is. Skv. 45. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 skal rekstrarleyfishafi tilkynna strok til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga. Í verklagsreglu eftirlitsþega vantar að það komi fram að tilkynna beri til næstu veiðifélaga og hver þau eru.

Andmæli eftirlitsþega:

Eftirfarandi netfang (fiskeldi@mast.is) er hvergi tilgreint í reglugerðinni, eingöngu stendur að tilkynna skal slíkan atburð til Matvælastofnunar. Það er enginn möguleiki fyrir úttektaþega að vita að netfangið hafi breyst ef það er hvorki tilgreint í reglugerðinni, og Matvælastofnun hefur ekki sent út tilkynningu um slíka breytingu. Félagið mun að sjálfsögðu hlíta ákvæðum reglugerðarinnar um tilkynningu til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga með fullnægjandi tilkynningu þar um.

Matvælastofnun bendir á að tilvísun í eftirlitsskýrslunni um að uppfæra þurfi netfang varðandi strok í fiskeldi@mast.is er ekki frávik heldur ábending til rekstrarleyfishafa að uppfæra netfangið. Umrætt netfang er opinbert netfang fiskeldisdeildarinnar. Frávikið sem skráð er í eftirlitsskýrslunni snýr að því að í viðbragðsáætlun um strok er ekki tilgreint að tilkynna þurfi til næstu veiðifélaga og hver þau eru. Einungis er tilgreint að tilkynna þurfi strok til Fiskistofu, Matvælastofnunar og sveitarfélaga. Lagfæra þarf viðbragðsáætlun um strok m.t.t. til framangreinds.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu frávíksins réttmæta og fellst ekki á andmæli eftirlitsþega um að frávik undir lið 4.3.1 í eftirlitsskýrslu dagsettri 30. apríl 2025.

3. Búnaður til að endurheimta fisk

Frávik í eftirlitsskýrslu undir lið 4.3.2: Við skoðun á netum komu í ljós að til staðar voru net með einni möskvastærð sem er of stórar miðað við minnsta fisk sem var í stöðinni við eftirlit og mögulega of lítil fyrir stærsta fisk í stöðinni.

Andmæli eftirlitsþega:

Tekið er undir ábendingu um að net hafi vantað með hæfilegri möskvastærð fyrir minnsta fisk í stöðinni. Ný net með möskvastærð 2,5" hafa þegar verið keypt frá Ísfell fyrir minnsta fiskinn í stöðunni (í 15m kerjunum) og er það nú þegar komið á stöðina.

Því er aftur á móti mótmælt að "mögulega séu netin of lítil fyrir stærsta fisk í stöðinni". Á tíma úttekta er fiskur einungis alinn upp í 3-3,5 kg og ekki stendur til að ala stærri fiska fyrr en næsta kerjastæða (25m ker) verður tekin í gagnið. Réttilega þarf að endurskoða stærð netanna þegar 25m kerin eru tekin í notkun, en þá verður fiskurinn alinn upp í 4-5 kg. Eins og staðan er í dag þá er netið sem var á stöðinni í úttektinni rétt stærð fyrir stærsta fiskinn á stöðinni í dag.

Matvælastofnun bendir á að í eftirlitsskýrslunni er ekkert fullyrt um að netin séu of stór fyrir stærsta fisk í stöðinni heldur þeim möguleika velt upp að svo geti mögulega verið þannig að eftirlitsþegi sé meðvitaður um slíkt til framtíðar, komi til þess að stærri fiskur verði aðilinn upp í stöðinni. Frávikið skráist á það að net í stöðinni voru of stór fyrir minnsta fisk og þar af leiðandi var búnaður til að endurheimta fisk ekki fullnægjandi. Kaup á nýjum netum leysir það frávik og verður það staðfest í eftirfylgnieftirliti.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu frávíksins réttmæta og fellst ekki á andmæli eftirlitsþega um að frávik undir lið 4.3.2 í eftirlitsskýrslu dagsettri 30. apríl 2025.

4. Innra eftirlit

Frávik í eftirlitsskýrslu undir lið 5.1.5: Eftirlitsþegi sýndi ekki fram á að verklag væri til staðar fyrir innra eftirlit. Vísaði eftirlitsþegi til framkvæmdar á sannprófun því til staðfestingar. Matvælastofnun telur það ekki fullnægjandi, rekstrarleyfishafi þarf að hafa til staðar verklag hvað varðar innra eftirlit, sbr. 47., 48. gr. og viðauka III reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020, og sinna með innra eftirliti með reglubundnum hætti með þeim þáttum sem tilgreindir eru í framangreindum reglugerðarákvæðum.

Andmæli eftirlitsþega:

Þegar spurt var um innra eftirlit úttektaþega voru úttektaaðilar Matvælastofnunar beðnir um að útskýra betur hvað þeir vildu sjá tengt innra eftirliti og hvort það væru innri úttektir sem þeir vildu sjá.

Úttektaraðilar Matvælastofnunar gáfu að okkar mati óskýr svör og sögðust hafa gleymt reglugerðinni úti í bíl. Úttektaraðilar Matvælastofnunar réttu úttektarþegum útprentað A4 blað frá ChatGPT til útskýringa. Af þeim sökum var það óljóst af hálfu úttektarþega hvað væri verið að biðja um og þeim gafst því ekki tækifæri til að sýna fram á að fyrirtækið er með virkt innra eftirlit.

Fyrirtækið heldur úti gæðakerfi sem er hluti af innra eftirliti þar sem koma fram verklagsreglur stöðvarinnar (sbr. reglugerð) og var farið yfir mikið af þessum verklagsreglum í úttektinni. Til staðar er verkferillinn „Routine tasks“ sem tilgreinir öll þau vöktunatriði sem eldisstarfsfólk fyrirtækisins sinnir daglega, s.s. að meta matarlýst, að fylgst með hvort hegðun fisksins sé óhefðbundin, að fylgst með hvort sveimarar séu í karinu og þá fjarlægja þá ásamt því að fjarlægja dauðfisk. Sömuleiðis vaktar gæðafulltrúi vatnsgæði í öllum kerjum og inntaki vatns (borholum) daglega með framkvæmd vatnsmælinga (s.s. vöktun á hitastigi, seltu, turbidity, pH, súrefni, Co2, TAN, TGP) og eru til verkferlar um það á stöðinni. Neðansjávarmyndavélar eru komnar í nokkur ker og er það í ferli að fá myndavélar í öll ker til að fylgjast betur með hegðun fisksins, velferð og matarlýst ofan í kerjunum. Viðmiðanir fyrir þau eftirlitsatriði sem eru vöktuð eru skilgreindar réttilega í öllum okkar verkferlum. Viðbragðsáætlanir eru einnig til staðar ef mörk fara yfir sett viðmið og voru nokkrar þeirra skoðaðar í úttektinni (s.s. viðbragðsáætlunin „critical water quality issues – emergency plan“). Ábyrgðaraðili er skráður á hvert skjal í gæðahandbók fyrirtækisins. Dagleg verk eldisstarfsfólks eru skráð í DMM viðhaldskerfi fyrirtækisins, þar sem starfsmaður hakar í kláruð verk og kvittar fyrir. Stöðvarstjóri yfirfer skráningar í DMM daglega. Vöktun á vatnsgæðum er skráð inn í Mercatus og eru þær dagsettar. Gæðafulltrúi yfirfer skráningar í Mercatus vikulega og var það útskýrt og sýnt úttektaraðilum að hún fær áminningu um það vikulega. Verklagsreglur innra eftirlits eru sannreyndar með innri úttektum (innri úttektir eru á öllum verkferlum fyrirtækisins einu sinni á ári eins og var útskýrt og sýnt úttektaraðilum). Félagið telur því samkvæmt framangreindu að innra eftirlit sé í fullu samræmi við ákvæði 47. og 48. gr. reglugerðarinnar og viðauka III.

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar óskuð eftir því að fá að sjá verklag um innra eftirliti. Starfsmenn eftirlitsþega sýndu eftirlitsmönnum þá verklag og verkferla sem eftirlitsmenn mátu sem hluti af sannprófun frekar en innra eftirliti og voru viðstaddir upplýstir um að þetta væri ekki fullnægjandi innra eftirlit enda tæki það ekki til alla þeirra þátta sem innra eftirlit tæki til þó svo að vissulega væri gott að þessir þættir væru vaktaðir eins og sýnt var fram á. Þrír eftirlitsmenn matvælastofnunar geta staðfest að starfsmönnum eftirlitsþega var leiðbeint um hvað fælist í innra eftirliti og muninn á því og sannprófun. Vísað var sérstaklega til 47. og 48. gr. í þeirri umræðu hvað varðar innra eftirlitið og viðstöddum bent á að skoða þær greinar til að sjá nánar hvað felist í innra eftirliti. Matvælastofnun hafnar því sem röngu að það hafi verið óljóst að verið væri að spyrja um innra eftirlit.

Matvælastofnun bendir á að í gæðahandbók eftirlitsþega á að vera til staðar eitt skjal þar sem verkferli við innra eftirlit er lýst, hvaða atriði eru skoðuð þ.e. er verið að skrá niður daglegar skráningar o.s.frv., hversu oft innra eftirlit er gert, hver ber ábyrgð á því að það sé gert, hvernig það skuli skráð og úrbætur komi til frávika.

Þau gögn sem eftirlitsmönnum voru sýnd í eftirlitinu teljast ekki sem verkferill um innra eftirlit eins og kröfur eru gerðar um í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu frávíksins réttmæta og fellst ekki á andmæli eftirlitsþega um að frávik undir lið 5.1.5 í eftirlitsskýrslu dagsettri 30. apríl 2025.

5. Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Frávik í eftirlitsskýrslu undir lið 5.1.1: Eftirlitsmenn óskuðu eftir staðfestingu á að árlegur fundur hafi farið fram með öllum starfsmönnum fiskeldisstöðvarinnar þar sem farið er yfir alla kafla gæðahandbók þar sem breytingar eru kynntar auk nýrra áherslna sem gerðar hafa verið. Eftirlitsmönnum var sýnd glærukynning sem farið var yfir með starfsmönnum en skv. eftirlitsþega var fundurinn haldinn 4. apríl 2025.

Af gögnum sem eftirlitsmönnum var sýnt er ljóst að árlegi fundurinn fjallaði ekki um þau atriði sem fjalla ber um skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Þá er dagsetning fundar hvergi tilgreind né liggur fyrir staðfesting starfsmanna fyrir þátttöku á fundinum, einungis listi með 12 fornöfnum. Fyrir liggur að einungis hluti starfsmanna eftirlitsþega voru viðstaddir fundinn og haldinn verður fundur fyrir þá síðar.

Andmæli eftirlitsþega:

Enginn ýtarlegur rammur er í reglugerðinni um umfang og innihald þessarar kynningar. Á fundinum sem haldinn var með starfsfólki 4. apríl 2025 var farið yfir efni gæðahandbókar (sbr. Viðauki III). Ekki voru kynntar breytingar eða nýjar áherslur, enda höfðu þær ekki farið fram, og á fundinum var gæðahandbókin einfaldlega kynnt fyrir starfsfólki, eins og viðeigandi reglugerðarákvæði kveður á um.

Fundurinn verður svo aftur haldinn að ári og þá verður farið yfir breytingar frá síðasta fundi, hafi einhverjar verið gerðar, og/eða nýjar áherslur. Þáttaka starfsmanna á fundinum þann 4. apríl 2025 var skráð í þjálfunarskrá (sbr. nafnalistinn sem fræðslustjórinn okkar sýndi í úttektinni) þar sem einnig var tilgreind dagsetning á fundinum. Ekki segir til um í reglugerðinni að frekari staðfesting frá starfsfólki þurfi að vera til staðar. Ef Matvælastofnun óskar eftir undirskrift starfsmanna eða ýtarlegri fundargerð þarf þess að vera getið í reglugerð til að félaginu sé unnt að fylgja slíkum fyrirmælum. Kynningin á gæðahandbókinni var haldin viku fyrir úttektina og ekki náðist að halda aðra kynningu fyrir úttektina með því starfsfólki sem missti af fyrri kynningunni. En er það á áætlun gæðastjóra í maí og í samræmi við kröfur reglugerðarinnar um að halda skuli árlega fund með starfsmönnum.

Kafli 5.1.1 í eftirlitsskýrslu Mast heitir „Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva“. First Water vill benda á fyrirtækið er ekki sjókvíaeldisstöð.

Matvælastofnun bendir á að í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 kemur fram að árlega skuli haldinn fundur með starfsmönnum þar sem farið er yfir efni gæðahandbókar, kynntar breytingar og nýjar áherslur sem gerðar hafa verið. Matvælastofnun er ljóst að mögulega hafi ekki átt sér stað breytingar og gerir því ekki athugasemd um að ekki hafi verið farið yfir breytingar á þeim fundi sem haldinn var með starfsmönnum eftirlitsþega. Af því sem eftirlitsmönnum var sýnt á staðnum var ljóst að ekki var farið yfir efni gæðahandbókarinnar.

Eftirlitsmönnum var sýndur listi með 12 fornöfnum þeirra aðila sem sagðir eru hafa tekið þátt í fundinum en ekki var farið inn í þjálfunarskrá viðkomandi einstaklinga til að staðfesta að tímasetningin fundarins hafi verið skráð í þjálfunarskrá þeirra. Eftirlitsaðilar vera að geta staðreynt að starfsmenn taki þátt í fundinum en tilgreining þeirra með fornöfnum getur í einhverjum tilfellum verið villandi, t.d. þegar starfsmenn bera sömu nöfn.

Matvælastofnun fékk staðfest að einungis hluti starfsmanna tók þátt í fundinum en samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 eiga allir starfsmenn eftirlitsþega eiga að taka þátt í árlegum fundum. Ljóst er þó að ávallt geta komið upp veikindi sem geta hamlað þátttöku einstaka starfsmanna en mjög margir starfsmenn eftirlitsþega tóku ekki þátt af óljósum ástæðum. Full ástæða er til þess að endurtaka árlegan fund þegar þátttaka er ekki fullnægjandi, eins og í umrætt sinn, eða taka fundinn upp og vista í fræðslugrunni eða öðrum stað þannig að starfsmenn geti horft á hann eftir og staðfest þátttöku sína með áhorfi.

Matvælastofnun væntir þess að fá staðfestingu á þátttöku þeirra starfsmanna sem ekki voru viðstaddir fundinn í apríl á fundinum sem halda á í maí, þegar eftirfylgni eftirlit fer fram.

Matvælastofnun bendir eftirlitsþega á að hagræðisins vegna er æskilegt að halda fundargerð þegar árlegir fundir eru haldnir þar sem fram kemur dagsetning fundar, þátttakendur (full nöfn) og efni fundarins.

Matvælastofnun er kunnugt um að First Water er ekki sjókvíaeldisstöð og að kafli 5.1.1 í eftirlitsskýrslum stofnunarinnar bera heiti sem vísa til sjókvíaeldisstöðva. Sömu kröfur eru gerðar til landeldisstöðva og sjókvíaeldisstöðva hvað varðar þá ætti sem athugasemdir í skýrslunni snúa að og má sjá það í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020, þ.e. landeldisstöðvum ber að hafa gæðakerfi og gæðahandbækur á sama hátt og sjókvíaeldisstöðvar eiga að gera. Eftirlitskerfi stofnunarinnar er að hluta til úrelt og ekki hægt að breyta yfirheitum einstaka liða. Þetta mun lagast með nýju eftirlitskerfi sem verið er að hanna.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu frávíksins réttmæta og fellst ekki á andmæli eftirlitsþega um að frávik undir lið 5.1.1 í eftirlitsskýrslu dagsettri 30. apríl 2025.

6. Þjálfun starfsfólks

Frávik í eftirlitsskýrslu undir lið 5.1.2: Ekki var sýnt fram á að starfsfólk fái þjálfun í að hindra strok og að lágmarka umhverfisáhrif.

Þjálfunarskrá starfsfólks er ófullnægjandi. Upplýsingar um þjálfun virðist skráð á a.m.k. tvo staði og því erfitt að fá heildstæða mynd á þjálfun starfsmanna. Ekki er hægt að sjá á þeim þjálfunarskrám sem til eru hvenær starfsmaður hóf störf og hvenær viðkomandi tók þau námskeið sem tilgreind eru sem lokin í þjálfunarskránni. Það er því ekki hægt að sannreyna með því að lesa úr þjálfunarskrá hvort starfsmenn fá þá þjálfun sem þeim ber að fá og að það sé gert innan tilsettra tímamarka.

Að mati Matvælastofnunar eru þjálfunarskrár starfsfólks því ófullnægjandi og þarfnast úrbóta.

Andmæli eftirlitsþega:

Fræðslustjóri fyrirtækisins sýndi úttektaraðilum Matvælastofnunar þjálfunarskrá fyrirtækisins. Hún er staðsett á tveimur stöðum í dag en ekkert stendur um það í reglugerðinni að hún eigi að vera á einum stað og gætir fræðslustjóri að því að fullt samræmi sé milli þjálfunarskráa. Fyrirtækið heldur utan um alla eigin þjálfun í LearnCove fræðslukerfi fyrirtækisins og svo er aukaleg þjálfun, s.s. ítarlegri námskeið eins og innri úttektir og sannprófun, HACCP eða lyftarapróf í yfirlitsskjali sem fræðslustjóri fyrirtækisins heldur utan um. Allir starfsmenn í eldinu fóru í gegnum viðamikla rafræna þjálfun í febrúar og mars 2025 til að kanna þekkingu starfsmanna á helstu verkþáttum sem starfsfólk þarf að tileinka sér en fræðslan var í formi videoa og glæra og endaði á könnun og var frammistaða allra starfsmanna skráð í fræðslukerfið okkar, LearnCove og þar er hægt að sjá nafn starfsmanns, dagsetningu á því hvenær starfsmaður lauk fræðslunni og hvaða einkunn starfsmaður fékk en fræðslukerfið var stillt þannig að starfsmaður gat ekki haldið áfram nema fá ákveðna lágmarkseinkunn. Af þessu má sjá að félagið hefur gert ítarlegri kröfur til starfsmanna sinna varðandi þjálfun en viðauki III við reglugerðina segir til um, enda fá starfsmenn bæði nýliðabjálfun samkvæmt viðauka III og reglubundna endurmenntun sem tryggir þjálfun starfsmanna, þar sem markmiðið er að þjálfna starfsmenn í að hindra stök og virkja viðbragðsáætlun ef það gerist, að lágmarka umhverfisáhrif, og að tryggja velferð eldisdýra.

Fyrirtækið heldur utan um hvenær starfsmaður hóf störf inni í mannauðskerfi fyrirtækisins og það er mjög auðvelt að fletta því upp. Ekkert stendur um það í reglugerðinni að dagsetning á því hvenær starfsmaður hóf störf þurfi að vera á þjálfunarskrá starfsmannsins og þess vegna hefur sú dagsetning eingöngu verið vistuð í mannauðskerfi fyrirtækisins (annað kerfi sem fræðslustjóri vinnur mikið með). Fræðslustjóri fyrirtækisins sýndi úttektaraðlinum námskeið sem starfsmaður tók í LearnCove og þar kom nákvæmlega fram hvenær námskeiðið var tekið og því er þetta ekki rétt sem sagt er í skýrslunni að mati félagsins. Ekkert er nefnt um tilsetta tímaramma þjálfunar í reglugerðinni.

Matvælastofnun bendir á að í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020, nánar tiltekið í viðauka III, er tiltekið að rekstrarleyfishafa beri að halda þjálfunarskrá fyrir hvern starfsmann. Ljóst er að þar er rætt um orðið í eintölu en ekki fleirtölu og að þjálfunarskrá starfsmanna verði þar af leiðandi að vera á einum stað/einu skjali. Stofnunin bendir á skráning þjálfunar á tvo eða fleiri staði gefi ekki nægjanlegt yfirsýn og aðgengi að skráningu þjálfunar starfsfólks.

Mikilvægt er að í þjálfunarskrá starfsmanna sé upphaf starfs þeirra hjá eftirlitsþega skráð þar sem reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 gerir ráð fyrir að ákveðinn hluti þjálfunar fari fram innan ákveðinna tímamarka, þ.e. nýliðabjálfun. Nýliðabjálfun á eðli málsins samkvæmt að fara fram innan skamms tíma frá upphafi starfs, helst innan 3 mánaða. Rekstrarleyfishafar hafa rúmar heimildir til að afmarka inna hvaða tímamarka hann telji starfsfólk sitt þurfa að ljúka hverjum þjálfunarpætti en Matvælastofnun telur að rekstrarleyfishöfum beri að tilgreina tímamörk fyrir lok þjálfunar með skýrum hætti til þess að hægt sé m.a. að sinna innraeftirliti rekstrarleyfishafa um að þjálfun starfsfólks sé lokið og jafnframt að Matvælastofnun geti sannreynt að starfsmenn eftirlitsþega hafi lokið allir þeirri þjálfun sem þeim bera að gera innan þeirra tímamarka sem eftirlitsþegi setur sér.

Matvælastofnun telur að starfsfólk eftirlitsþega fái margþætta þjálfun út frá því sem eftirlitsmönnum stofnunarinnar var sýnt en eins og tilgreint er í fráviki undir þennan lið skortir á þjálfun starfsmanna í að hindra stök og lágmarka umhverfisáhrif. Sérstaklega var spurt um þessa tvo liði en af því sem eftirlitsmönnum var sýnt var ekki hægt að ætla að staðfesta að starfsmenn fái þjálfun í að hindra stök og lágmarka umhverfisáhrif. Kunni slík þjálfun að eiga sér stað í eitthvað af þeim námskeiðum sem starfsfólk eftirlitsþega tekur verður eftirlitsþegi að tilgreina slík í skrá/áætlun um þjálfun starfsfólks, þ.e. að í tilgreindu námskeiði felist þjálfun í framangreindum þáttum, eða lýsa því í heiti námskeiðsins.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu frávíksins réttmæta og fellst ekki á andmæli eftirlitsþega um að frávik undir lið 5.1.2 í eftirlitsskýrslu dagsettri 30. apríl 2025.

7. Verklagsreglur

Frávik í eftirlitsskýrslu undir lið 5.1.3: Verklagsreglur vegna flokkun seiða og flutning á fisk í og úr stöð eru ófullnægjandi. Í hvorugri verklagsreglunni eru tilgreind viðbrögð ef frávik koma upp s.s. barki rofnar eða stiflast. Í verklagsreglu um flutning á fisk kemur fram að „nógu margir“ starfsmenn þurfi að vera til staðar þegar flutningur á sér stað. Matvælastofnun bendir á að betra sé að skilgreina betur hversu margir starfsmenn þurfi að vera við framkvæmdina

Matvælastofnun bendir á að nauðsynlegt er að hafa verklagsreglur vegna þéttleika í kerjum og skrifuð viðmið um hvenær þurfi að grisja/flytja fisk á milli kerja o.s.frv.

Matvælastofnun beinir þeim tilmælum til eftirlitsþega að hafa verklagsreglur á íslensku.

Andmæli eftirlitsþega:

Ekkert bendir til þess í reglugerðinni að verklagsreglur þurfi að vera á íslensku. Gæðahandbók úttektarþega er sett upp á ensku svo að allt starfsfólk fyrirtækisins skilji innihald hennar, í stað þess að hafa verklagsreglurnar eingöngu á íslensku, enda er starfsfólk félagsins af mismunandi þjóðerni. Það er hins vegar sjálfsagt að hafa tvítyngdar verklagsreglur en tekið skal fram að ekki er gerð krafa um slíkt samkvæmt reglugerðinni. Það er einnig á áætlun að innleiða ASC vottun þar sem erlendir vottunaraðilar munu koma að úttektum og gagnast erlendum vottunaraðilum eðli málsins samkvæmt betur að nálgast verklagsreglur á ensku.

Í verklagsreglu „Receiving fish“ stendur eftirfarandi í kaflanum „Personnel“:

There must be enough employees present during the reception of fish and work tasks must be delegated to the employees before the work operation starts.

1. The work operation requires a minimum of three people, two employees must stand by and in the tank to ensure that the fish exits the hose and watch the oxygen values in the car, while the other employee must watch the hose that goes out of the car and into the fish tank.

Úttektaraðilar Matvælastofnunar virðast ekki hafa tekið eftir því að línunni fyrir neðan er nákvæmlega tilgreindur fjöldi starfsmanna.

Matvælastofnun bendir á að samkvæmt 8. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011 er íslenska opinbert mál stjórnvalda. Matvælastofnun sendi þann 22. febrúar 2024 bréf til allra fyrirtækja og einstaklinga sem stunda land- eða sjókvíaelði og tilkynnti um að gögn sem leggja á fyrir Matvælastofnun til grundvallar meðferðar máls er varðar fiskeldi þurfi að vera á íslensku.

Í andmælum sínum vísar eftirlitsþegi til þess að verklagsreglurnar séu hafðar á ensku þar sem starfsfólk félagsins sé af mismunandi þjóðerni. Athugasemd Matvælastofnunar varðandi tungumál verklagsreglan snýr ekki að því að verklagsreglur megi ekki jafnframt vera á ensku heldur að hún þurfi að vera til á íslensku. Eftirlitsþega ber að tryggja að allir starfsmenn hans skilji verklagsreglur þær sem unnið er eftir og því mikilvægt að hafa þær jafnframt á ensku eða öðru tungumáli í þeim tilfellum þegar um er að ræða starfsmenn sem ekki skilja íslensku. Af sama skapi er rétt að benda á að hluti af starfsmönnum eftirlitsþega eru íslenskumælandi en ekkert liggur til staðfestingar á því að þeir skilji allir ritaða ensku og geti þar með unnið eftir verklagsreglum sem eru á öðru tungumáli en íslensku.

Varðandi athugasemd eftirlitsþega varðandi verklagsreglu um „receiving fish“ um að úttektaraðilar Matvælastofnunar hafi ekki tekið eftir því að í línunni fyrir neðan væri tilgreindur nákvæmlegur fjöldi starfsmanna sem þarf til þegar flutningur á sér stað þá liggur fyrir að eftirlitsmenn bentu starfsmönnum eftirlitsþega á að í þeirri verklagsreglu sem þeim var sýnd þegar eftirlitið fór fram kæmi einungis fram að „nógu margir“ starfsmenn þyrftu að vera til staðar. Starfsmenn eftirlitsþega lásu skjalið yfir og voru sammála eftirlitsmönnum um að það þyrfti að skilgreina betur hvað væru nógu margir.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á andmæli eftirlitsþega um að frávik undir lið 5.1.3 í eftirlitsskýrslu dagsettri 30. apríl 2025.

8. Verklagsreglur

Frávik í eftirlitsskýrslu undir lið 5.1.4: Uppfæra þarf viðbragðsáætlun um tímabundna og varanlega rekstrarstöðvun þannig að tilkynna þurfi til Matvælastofnunar þegar rekstrarstöðvun hefur átt sér stað. Í viðbragðsáætlun um Massadauða vegna sjúkdóma og umhverfisástands vantar að tilgreina ábyrgðaraðila og uppfæra skv. núverandi stöðu.

Matvælastofnun bendir á að setja þyrfti upp viðtækari viðbragðsáætlanir vegna vá sem gæti steðjað að þessari stöð, m.a. hvað varðar bilun í búnaði, eldsvoða o.fl.

Matvælastofnun beinir þeim tilmælum til eftirlitsþega að hafa viðbragðsáætlanir á íslensku.

Andmæli eftirlitsþega:

Eins og áður segir bendir ekkert til þess í reglugerðinni að viðbragðsáætlanir þurfi að vera á íslensku. Gæðahandbók úttektarþega er sett upp á ensku svo að allt starfsfólk fyrirtækisins skilji innihald hennar. Það er einnig á áætlun að innleiða ASC vottun þar sem erlendir vottunaraðilar munu koma að úttektum.

Matvælastofnun vísar til rökstuðnings um tungumál verklagsreglan undir lið 7 hér að framan hvað varðar andmæli eftirlitsþega um tungumál viðbragðsáætlana.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á andmæli eftirlitsþega um að frávik undir lið 5.1.4 í eftirlitsskýrslu dagsettri 30. apríl 2025.

9. Verklagsreglur

Frávik í eftirlitsskýrslu undir lið 5.1.6: Eftirlitspegi sýndi ekki fram á að verklag væri til staðar fyrir sannprófun og ljóst að sannprófun nær ekki til allra þátta sem henni er ætlað að ná til þar sem innra eftirlit er ekki virkt.

Andmæli eftirlitspega:

Fyrirtækið er með mjög ýtarlega innri úttektaráætlun á innri vef sínum. Innri úttektaráætlun fyrirtækisins inniheldur innri úttektir á öllum verkferlum fyrirtækisins þar sem hver og einn verkferill er mjög ýtarlega sannprófaður (sbr. Viðauki III í reglugerð). Innri úttektaraðili er alveg óháður þeim þáttum sem verið er að sannreyna (sbr. Viðauki III í reglugerð). Gátlisti er inni í hverri innri úttekt fyrir sig sem inniheldur öll atriði sem þarf að sannprófa (sbr. Viðauki III reglugerðar). Liðir a.-e. í viðauka III undir kaflanum Sannprófun, eru allt þættir sem eru kannaðir og sannprófaðir í innri úttektum fyrirtækisins. Úttektaraðilar óskuðu ekki eftir að sjá inn í neina innri úttekt fyrirtækisins og gefa sér frekar að innri úttektaráætlun úttektarþega sé ófullnægjandi. Úttektaraðilar Matvælastofnunar geta ekki gefið sér að atriði séu ófullnægjandi án þess að biðja um að sjá þau og yfirfara þau, enda hefði félagið að sjálfsgöðu orðið við beiðni Matvælastofnunar um aðgang að innri úttektaráætlun félagsins.

Matvælastofnun bendir á að eftirlitspegi á að hafa verklag um sannprófun og framkvæmd hennar sem og gátlista um það hvað er sannprófað. Þegar eftirlit fór fram gátu starfsmenn eftirlitspega ekki sýnt eftirlitsmönnum umbeðið verklag heldur sýndu einstaka þætti sem eru sannprófaðir, þ.e. gátlista. Ekki er því um að ræða að eftirlitsmenn séu að gefa sér að atriði séu ófullnægjandi heldur gátu starfsmenn eftirlitspega ekki sýnt umbeðin gögn. Af gátlistanum að ráða er ljóst að sannprófun nær ekki til allra þeirra þátta sem henni bera að gera, sbr. þau atriði sem talin eru upp í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.


Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á andmæli eftirlitspega um að frávik undir lið 5.1.6 í eftirlitsskýrslu dagsettri 30. apríl 2025.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar Matvælastofnunar við alla liði andmæla eftirlitspega er ljóst að stofnunin tekur andmæli First Water við eftirlitsskýrslur stofnunarinnar nr. 39992 vegna rekstrarleyfis FE-1185 dagsettri 30. apríl 2025 ekki til greina.

Bent er á að hægt er að kæra ákvörðunina til Matvælaráðuneytisins og fer um kærana samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008.

Kærufrestur er einn mánuður frá dagsetningu þessa bréfs að telja.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar



Jónína Guðmundsdóttir
Sérfræðingur